



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 24/2009

**Kvörtun Gámaþjónustunnar hf. yfir skráningu og notkun
Íslenska gámafélagsins ehf. á léninu gamur.is**

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Gámaþjónustunnar hf. með bréfi, dags. 8. september 2008, þar sem kvartað er yfir skráningu og notkun Íslenska gámafélagsins ehf. á léninu gamur.is. Að mati Gámaþjónustunnar hefur Íslenska gámafélagið brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og fer því fram á að Íslenska gámafélaginu verði bönnuð notkun á léninu.

Í bréfinu kemur fram að Gámaþjónustan sé eigandi lénsins gamar.is og skráning lénsins hafi farið fram þann 12. nóvember 1998. Lénið vísi á heimasíðu Gámaþjónustunnar þar sem boðin er ýmis þjónusta sem varði sorphirðu. Þar megi finna upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins og nytsamar upplýsingar fyrir neytendur sem varði flokkun sorps. Gámaþjónustan hafi einnig skráð lénin gámar.is, skráð þann 3. desember 2004, og gamur.is, skráð þann 7. september 2005. Öll lénin vísi á heimasíðu Gámaþjónustunnar.

Þann 29. mars 2000 skráði Íslenska gámafélagið lénið gamur.is. Þegar lénið sé slegið inn farið viðkomandi beint á heimasíðu Íslenska gámafélagsins.

Lénanöfn og vefsíður séu liður í atvinnurekstri og sé ætlað að hafa áhrif á eftirspurn þeirra þjónustu sem fyrirtæki bjóða. Í raun megi segja að um „heimilisfang“ aðila sé að ræða í þeim heimi sem Internetið er. Ljóst sé að það sé líklega til þess fallið að valda rugli og þar af leiðandi algjörlega ófært að tveir aðilar sem séu í beinni samkeppni séu í raun að nota sama lénið að því undanskildu að annar aðilinn noti lénið í fleirtölu á meðan hinn fylgir í kjölfarið og skrái og noti lénið í eintölu. Réttthafarnir eru beinir keppinautar og vöru- og þjónustulíking því alger. Það sé alveg ljóst að lénin, gamar.is annars vegar og gamur.is hins vegar, séu mjög lík ekki síður með tilliti til þess að fyrirtækin starfi í sömu atvinnugrein. Það sé því verulegar líkur á því að villst verði inn á heimasíðu þess fyrirtækis sem ekki var ætlunin að heimsækja þegar slegið er inn lénið



gamur.is í eintölu en ætlunin hafi verið að fara inn á heimasíðu Gámaþjónustunnar, gamar.is, sem notuð hafi verið í tvö ár þegar skráning og notkun Íslenska gámafélagsins átti sér stað. Það hafi margoft verið staðfest af hálfu samkeppnisyfirvalda og síðar Neytendastofu að ekki sé talið nægilegt að nota eintölu/fleirtölumynd léns keppinutarins til að aðgreina tvö fyrirtæki. Meðal annars með þeim rökum að í raun sé um sama orð að ræða. Meginreglan hjá samkeppnisráði, forvera Neytendastofu, hafi verið að væri um sama orð að ræða í mismunandi útfærslum, og rétthafar væru keppinutar, þá hafi Samkeppnisráð með vísan til 25. gr. þágildandi samkeppnislaga sem er samhljóða 12. gr. laga nr. 57/2005 gert þeim sem seinni var til að skrá lén sitt, að afskrá það hjá ISNIC.

Framangreind skráning og notkun Íslenska gámafélagsins á léninu gamur.is sé því brot á ákvæði 12. gr. laga nr. 57/2005. Gámaþjónustan hafi verið fyrri til að skrá lénið gamar.is og eigi því betri rétt til orðsins sem lénaheitis.

Að mati Gámaþjónustunnar sé ljóst að Íslenska gámafélagið virðist hafa sótt um lénið gamur.is til þess eins að ná til þeirra sem ætli að fara inn á lénið gamar.is en slá inn fyrir mistök gamur.is Lénið gamur.is hafi því þann eina tilgang að afvegaleiða neytendur í þeirri von að þeir leiti til Íslenska gámafélagsins í stað Gámaþjónustunnar og villi þar með um fyrir þeim sem sé skýrt brot á 5. gr. laga nr. 57/2005. Íslenska gámafélaginu megi vera ljóst að ruglingshætta geti orðið milli fyrirtækja í sama rekstri með svo líkum lénanöfnum enda fráleitt að halda því fram að fyrirtækinu hafi ekki verið kunnugt um lén Gámaþjónustunnar.

Ástæða þess að kvörtunin sé ekki lögð fram fyrr en nú sé sú að eftir nokkra biðlund sjái Gámaþjónustan sér ekki lengur fært að sitja undir þeim viðskiptaháttum sem Íslenska gámafélagið hafi viðhaft síðustu árin, með sífelldri sporgöngu og eftirlíkingu á þeim nýjungum sem Gámaþjónustan tuki upp og kynni á markaði. Hafi þetta leitt af sér aukna hættu á ruglingi sem undirstriki oftast en ekki rugling í tengslum við nánast eins lénaheiti fyrirtækjanna.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Gámaþjónustunnar var sent Íslenska gámafélaginu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. september 2008. Með bréfi Neytendastofu til Íslenska gámafélagsins, dags. 11. desember 2008, var ítrekaður frestur til að koma að athugasemdum og með bréfi stofnunarinnar, dags. 16. janúar 2009, var Íslenska gámafélaginu gefinn lokafrestur til að koma að athugasemdum í málinu.



Svar Íslenska gámafélagsins barst Neytendastofu með bréfi, dags. 5. febrúar 2009, þar sem þess er krafist að kvörtun Gámaþjónustunnar verði hafnað. Af hálfu Íslenska gámafélagsins er gerð athugasemd við það að Gámaþjónustan hafi ekki farið þess á leit við Íslenska gámafélagið að fyrirtækið léti af notkun lénsins fyrr en átta árum eftir skráningu. Á grundvelli tómlætis beri því að hafna kröfu Gámaþjónustunnar og til leiðbeiningar vísað til þeirra reglna sem fram komi í 8. og 9. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997.

Af hálfu Íslenska gámafélagsins er hafnað þeim fullyrðingum sem fram komi í bréfi Gámaþjónustunnar. Rangt sé að Íslenska gámafélagið hafi skráð léni gamur.is í þeim tilgangi að afvegaleiða neytendur í þeirri von að þeir leiti til Íslenska gámafélagsins í stað Gámaþjónustunnar.

Íslenska gámafélagið hafi skráð lénið gamur.is árið 2000. Kæra átta árum síðar af hálfu aðila sem hefur átt og notað lénið gamar.is frá árinu 1998 beri þó ekki aðeins með sér tómlæti heldur sé hún einnig andstæð þeirri staðreynd að um sé að ræða lýsandi orð á því viðskiptasviði sem um ræði. Gámaþjónustan geti ekki eignað sér orðið eins og reynt sé að gera og vísast í því sambandi til 13. gr. vörumerkjalaga en sama mat á sérkenni sé lagt til grundvallar í samkeppnisrétti.

2.

Bréf Íslenska gámafélagsins var sent Gámaþjónustunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 10. febrúar 2009.

Svar barst með bréfi, dags. 18. mars 2009, þar sem fram kemur að í lögum nr. 57/2005 sé ekki gerð krafa um að það sé forsenda kæru til Neytendastofu að fyrst hafi verið gerðar beint athugasemdir til viðkomandi aðila. Þá sé í lögnum ekki kveðið á um tímamark kvartana. Engin ákvæði séu í lögnum þess efnis að það geti valdið réttindamissi eða fyrirgert rétti til að kvarta á grundvelli laganna að kvörtun berist ekki innan ákveðins tímabils.

Mikilvægt sé að hafa í huga að skráningin sem slík hafi í raun ekki afgerandi áhrif á það hvort notkun viðkomandi léns sé brot á lögnum. Það sem horfa verði til sé notkun lénsins og hvort hún sé með þeim hætti að hún brjóti í bága við lögin.

Í bréfi Íslenska gámafélagsins sé vísað til reglna vörumerkjalaga um tómlæti. Af hálfu Gámaþjónustunnar er því vísað á bug enda sé ekki tenging milli kvörtunar þessarar og vörumerkjalaga. Í kvörtuninni sé ekki byggt á því að um sé að ræða brot á lögum um vörumerki. Ákvæði vörumerkjalaga komi kvörtun þessari á engan hátt við enda sé ekki deilt um réttindi sem vernduð séu á grundvelli þeirra laga.



3.

Bréf Gámaþjónustunnar var sent Íslenska gámafélaginu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 26. mars 2009. Svar barst með bréfi, dags. 6. apríl 2009, þar sem m.a. eru ítrekaðar fyrri kröfur.

Í bréfi Íslenska gámafélagsins kemur fram að tómlæti skipti máli við úrlausn réttarágreinings. Það sé meginregla að sá sem telji sig eiga einhvern rétt verði að halda þeim rétti til laga og bera hallann af vanrækslu sinni ef hann sinnir því ekki. Almenn kröfuréttindi fýrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2008. Lögjafinn hafi ákveðið með þeim hætti að kröfuhafi verði að gæta hagsmuna sinna innan fjögurra ára að öðrum kosti sé hætt við að hann glati kröfu sinni. Brottfall fjárkröfu geti haft í för með sér tjón fyrir kröfuhafa.

Óumdeilt sé að Gámaþjónustan hafi ekki gætt réttar síns í þau átta ár sem Íslenska gámafélagið hafi átt lénið gamur.is skráð. Gámaþjónustan beri hallann af þeirri vanrækslu. Af þeim sökum beri að hafna kröfu Gámaþjónustunnar. Áður hafi verið vikið að því að beita mætti þeim meginreglum hugverkaréttar sem fram komi í 8. og 9. gr. vörumerkjalaga. Neytendastofa geti haft hliðsjón af þeim reglum við mat á tómlæti í máli eins og þessu. Í samkeppnisrétti beri t.d. að meta sérkenni auðkenna og ruglingshættu á milli auðkenna út frá sömu sjónarmiðum og gert sé í vörumerkjarétti. Því sé rétt að nota sömu sjónarmið og gildi um tómlæti í vörumerkjarétti í samkeppnisrétti.

Af hálfu Íslenska gámafélagsins er því hafnað að ekki þurfi að skera úr um sérkenni auðkennisins í máli þessu þar sem deilan snúist ekki um vörumerkjarétt, eins og haldið sé fram í bréfi Gámaþjónustunnar. Skera verði úr um það hvort orðið gamar skorti sérkenni eða ekki þegar ákveða skuli hvort ákvæði 12. gr. eigi við. Fræðimenn á sviði samkeppnisréttar hafi staðfest að við túlkun á sambærilegri danskri lagareglu beri að miða við sambærilegt mat á sérkenni og í vörumerkjarétti enda sé allt annað ótækt. Auðkenni sem skorti sérkenni eða séu lýsandi njóti ekki verndar skv. lögum nr. 57/2005. Því til stuðnings er í bréfi Íslenska gámafélagsins vísað til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1203/1998, ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 34/1998 sem og skrif norrænna fræðimanna.

Því er hafnað sem röngu að Íslenska gámafélagið hafi ætlað að nýta sér viðskiptavild eða vega að rétti Gámaþjónustunnar með skráningu og notkun á léninu gamur.is. Íslenska gámafélagið hafi lögmæt not fyrir lén sitt með sama hætti og Gámaþjónustan.

Bent er á að sú staðreynd að neytendur hafi í raun ruglast á auðkennum skiptir ekki máli við mat á ruglingshættu í vörumerkja- eða samkeppnisrétti, skv. tilvísun til skrifna norrænna fræðimanna.



4.

Bréf Íslenska gámafélagsins var sent Gámaþjónustunni til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. apríl 2009, og tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri þar með lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Gámaþjónustan yfir skráningu og notkun Íslenska gámafélagsins á léninu gamur.is. Gámaþjónustan fékk skráð lénid gamar.is þann 12. nóvember 1998 en Íslenska gámafélagið fékk skráð lénid gamur.is þann 29. mars 2000. Fyrirtækin séu í samkeppni á markaði með sorphirðu og þar sem lén Íslenska gámafélagsins sé eintölu mynd af léninu Gámaþjónustunnar sé ruglingshættan mikil. Telur Gámaþjónustan Íslenska gámafélagið því hafa brotið gegn ákvæðum þágildandi 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Af hálfu Íslenska gámafélagsins er farið fram á að málinu verði vísað frá meðferð Neytendastofu. Átta ár séu liðin frá því að Íslenska gámafélagið fékk skráð lénid gamur.is. Á þeim tíma hafi Gámaþjónustan ekki gert athugasemdir við skráninguna fyrr en nú. Með vísan til 8. og 9. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki hafi Gámaþjónustan sökum tómlætis glatað einkarétti sínum til lénsins. Þá bendir Íslenska gámafélagið á að orðið gámur sé almennt orð og lýsandi fyrir starfsemi aðilanna. Af þeirri ástæðu geti Gámaþjónustan ekki notið einkaréttar á léninu.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er ekki tímamark vegna kvartana á notkun vörumerkja skv. 15. gr. a. laganna. Í gögnum Íslenska gámafélagsins er réttilega á það bent að ákvæði vörumerkjalaga komi til álita við mat á því hvort vörumerki geti notið einkaréttar skv. 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Á það hefur ekki reynt hvort ákvæði 8. og 9. gr. vml. um tómlæti komi einnig til álita. Skilyrði þess að yngri skráður réttur geti notið samhliða verndar og eldri, skv. 8. gr. vml., eru þau að yngri rétthafi hafi verið grandlaus um hið eldra vörumerki og eldri rétthafi hafi verið grandsamur um skráningu hins yngri réttar en þrátt fyrir það látið skráninguna afskiptalaus í fimm ár. Í máli þessu hefur Íslenska gámfélagið ekki sýnt fram á að fyrirtækið hafi verið grandlaust um lén Gámaþjónustunnar, gamar.is, þegar Íslenska gámafélagið fékk skráð lénid gamur.is þó fram hafi komið að Gámaþjónustunni hafi nú um nokkurt skeið verið kunnugt um lén Íslenska gámafélagsins. Að mati Neytendastofu eru ekki uppfyllt skilyrði ákvæðis 8. gr. vml. og af þeirri ástæðu kemur ekki til frekari álita hvort ákvæði 8. gr. vml. eigi við í máli þessu.



Í 9. gr. vml. er hins vegar um það fjallað að yngri rétthafi geti notið verndar samhliða eldri rétthafa ef sá sem nýtur eldri réttar hefur ekki innan hæfilegs tíma gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir notkun yngra merkisins. Hvorki í ákvæðinu né í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laganna er fjallað um það hvað talist geti hæfilegur tími. Í greinargerð er hins vegar vísað til þess að mat á því hvað teljist hæfilegur tími sé í höndum dómstóla. Af því leiðir að Neytendastofa tekur ekki afstöðu til þess hvort Gámaþjónustan hafi sýnt af sér tómlæti, skv. ákvæðinu.

Frávísunarkröfu Íslenska gámafélagsins er því hafnað.

3.

Í erindi Gámaþjónustunnar er vísað til ákvæða 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005, fyrir gildistöku breytingalaga nr. 50/2008, kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Ákvæði II. kafla laga nr. 57/2005, svo sem 12. gr., gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 12. gr. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í 12. gr. felst almenn lagagrein um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glögg af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, s.s greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu



og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíð 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Báðir aðilar hafa skráð lén sín hjá ISNIC, Internet á Íslandi. Gámaþjónustan á skráð lénið gamur.is frá 12. nóvember 1998 og Íslenska gámastöðin á skráð lénið gamar.is frá 29. mars 2000. Að mati Neytendastofu eiga báðir aðilar tilkall til auðkenna sinna og því á 2. málslíður 12. gr. við í máli þessu.

Lénið gamar.is, sem kvartað er yfir í máli þessu, var skráð þann 29. mars 2000. Á þeim tíma höfðu ekki tekið gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en ákvæði 5. og 12. gr. eru þó efnislega samhljóða ákvæðum 20. og 25. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993.

Ákvæði 20. og 25. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993 koma því til álita við mat á því hvort skráning lénsins sem og notkun þess fram til 1. júlí 2005 teljist brot á ákvæðunum.

Með gildistöku breytingalaga nr. 50/2008 var lögum nr. 57/2005 breytt og heita þau nú lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í hinum nýju lögum er ákvæði 15. gr. a. efnislega samhljóða fyrri 12. gr. Núgildandi ákvæði 13. gr. er samhljóða ákvæði 5. gr. en gildissviði ákvæðisins hefur verið breytt. Á ákvæðið nú eingöngu við um vernd annarra hagsmuna neytenda en fjárhagslegra og tekur því ekki til viðskiptahátta milli fyrirtækja í samkeppni.

Ákvæði 5. og 12. gr. þágildandi laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu koma því til álita við mat á því hvort notkun lénsins frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008 teljist brot á ákvæðunum. Frá þeim tíma kemur til álita hvort notkun lénsins brjóti gegn ákvæðum 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

4.

Óumdeilt er að lénnöfn fyrirtækjanna, gamar.is og gamur.is, eru lík og þar sem fyrirtækin starfa í sömu atvinnugrein þykir Neytendastofu einsýnt að verulegar líkur eru á að sá sem þekkir til annarrar eða beggja heimasíðnanna villist inn á heimasíðu þess fyrirtækis sem ekki var ætlunin að heimsækja. Að mati Neytendastofu skapar tilkoma og notkun lénnafnsins gamur.is hættu á ruglingi og getur haft óhagræði í för með sér. Þá fær stofnunin ekki betur séð en í raun sé um eitt og sama lénnafnið að ræða hjá báðum málsaðilum, í eintölu og fleirtölu. Að mati Neytendastofu er það að nota fleirtölumynd léns keppinautarins ekki nægilegt til að aðgreina fyrirtækin.



Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að notkun Íslenska gámafélagsins á lénnafninu gamur.is geti leitt til þess að villst verði á því og lénnafni Gámaþjónustunnar sem notað hefur verið lengur og brjóti slíkt gegn ákvæði þágildandi 2. málslíð 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 frá skráningu til 1. júlí 2005, gegn ákvæði þágildandi 2. málslíð 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti nr. 57/2005 frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008 og gegn ákvæði 2. málslíð 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 frá 7. júní 2008.

Í ljósi þess að Gámaþjónustan og Íslenska gámafélagið eru keppinautar m.a. í sorphirðu fær Neytendastofa ekki séð að tilviljun hafi ráðið skráningu Íslenska gámafélagsins á léninu gamur.is og að fyrirtækið hefði átt að vita betur. Slíkt telur Neytendastofa að brjóti í bága við góða viðskiptahætti samanber ákvæði þágildandi 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og ákvæði þágildandi 5. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

Með vísan til alls framangreinds og ákvæðis 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 telur Neytendastofa nauðsynlegt að banna Íslenska gámafélaginu að nota lénið gamur.is og leggur fyrir fyrirtækið að láta afskrá það.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Íslenska gámafélagið, Gufunesvegi, Reykjavík, hefur með skráningu og notkun lénsins gamur.is, frá skráningu til 1. júlí 2005, brotið gegn ákvæðum 20. gr. og 2. málslíð 25. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993.

Íslenska gámafélagið hefur með notkun lénsins gamur.is, frá 1. júlí 2005 til 7. júní 2008, brotið gegn ákvæðum 5. gr. og 2. málslíð 12. gr. þágildandi laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005.

Íslenska gámafélagið hefur með notkun lénsins gamur.is, frá 7. júní 2008, brotið gegn ákvæði 2. málslíð 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er Íslenska gámafélaginu bönnuð notkun lénsins gamur.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Skal Íslenska gámfélagið á þeim tíma afskrá lénið hjá ISNIC, Internet á Íslandi.“

Neytendastofa, 21. september 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir